

borgar og ákærði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal 10 krónur til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, organsleikara P. Guðjohnsens og málaflutningsmanns Páls Melsteðs, hvors um sig.

Hið ídæmda iðgjald ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 28. febrúarmán.

1/1876:

Hið opinbera

gegn

Halldóri yfirkennara Friðrikssyni.

D ó m u r.

Mál þetta er rekið og dæmt í hjeraði af Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni, sem með landshöfðingjabrjefum 9. septembermán. og 13. októbermán. f. á. er skipaður til »á þessu hausti og vetri þeim, er í hönd fer, að gegna með eigin ábyrgð þeim störfum viðvíkjandi uppræting fjárkláðans», í Arnessýslu vestan Hvítár, Gullbringu- og Kjósarsýslu og Reykjavíkur kaupstað, »sem hlutaðeigandi sýslumenn annars ættu að hafa á hendi».

Tjeður embættismaður virðist hafa skilið þessar skipanir þannig, að þær veittu honum löggilding til að setjast í dómarsæti og upp kveða dóma í þeim málum, er kynnu að rísa út af ráðstöfunum til að uppræta fjárkláðann, en þá skoðun getur yfirdómurinn ekki aðhyllzt. Tilgangurinn með tjeðum landshöfðingjaskipunum virðist hafa verið sá, að fá fullkomna samstemmu í því, hvornig hinum umboðslegu ráðstöfunum til að uppræta fjárkláðann væri framfylgt á hinu til-

tekna svæði, með því að fela einum manni þau störf á hendur; en til að ná þessum tilgangi hefði það verið með öllu óþarft, að taka um missiristíma allt dómssvald frá hinum reglulegu hjeraðsdómurum á nefndu svæði, er ekki fellur saman við neitt lögsagnarumdæmi, í öllum málum, er kunna að rísa út af tjeðum ráðstöfunum, og sem geta verið svo ólíks eðlis, sumpart einkamál, sumpart opinber mál, og fela þetta dómssvald hinum sama manni, enda væri slíkt svo gagnstætt allri rjettarvenju hjer á landi og grundvallarreglum stjórnarskrárinnar um stöðu dómaranna, að það verður ekki álitid að hafa verið meiningin, nema það sje með berum orðum sagt í skipunarbrjefunum. En það er svo langt frá að svo sje, að skipunarbrjefin þvert á móti, eins og þau eru orðuð, að eins virðast hafa hin umboðslegu störf sýslumannanna viðvíkjandi uppræting fjárkláðans fyrir augum, því eins og það liggur næst að skilja orðin: »störf þau viðvíkjandi uppræting fjárkláðans, sem annars bera undir hlutaðeigandi sýslumenn», um ráðstafanir þær, sem sýslumenn samkvæmt tilskipunum 5. janúar 1866 og 4. marz 1871 eiga að framkvæma sem lögreglustjórar, þannig er og með berum orðum sagt í áður nefndu landshöfðingjabrjefi 13. októbermán. f. á., að Jón landshöfðingjaritari Jónsson sje skipaður lögreglustjóri í fjárkláðamálinu yfir svæði það, sem áður var nefnt, smbr. orðin: »skal svæði það, sem þjer, herra secretair, 9. f. m. voruð skipaður lögreglustjóri yfir í fjárkláðamálinu, rýmkað þannig», og svo frv., og loks hefur amtmaðurinn í suðuramtinu, eptir hvers ósk nefndar landshöfðingjaskipanir eru út gefnar, ávallt nefnt tjeðan embættismann í brjefum sínum til hans, sem lögd eru fram undir málinu, »hinn setta lögreglustjóra í fjárkláðamálinu», en lögreglustjórinn hefur sem slíkur ekki vald til að upp kveða dóma,

eins og þann, sem hjer er undir áfrýjun. Að því, er snertir eptirrit það af landshöfðingjabrjefi, er sóknari hefur lagt fram fyrir yfirdóminum, og sem á að innihalda »authentiska skýringu» á opt nefndum landshöfðingjaskipunum, þá getur það engin áhrif haft á úrslit þessa máls, hvorki sem »authentisk skýring», nje sem ný löggilding, þar sem það er út gefið löngu eptir að undirdómurinn í málinu var upp kveðinn.

Með því að yfirdómurinn þannig verður að álita, að mál það, sem hjer liggur fyrir, sje rekið og dæmt af manni, sem ekki hafði löggildingu til að sitja í dómarasæti, þá ber að dæma hinn áfrýjaða pólitírjettardóm og alla meðferð málsins í hjeraði ómerkt, og ber þá einnig að borga allan kostnað af málinu, þar á meðal laun hins skipaða sóknara og svaramanns, sem ákveðast 10 krónur handa hvorum þeirra, úr opinberum sjóði.

Sókn og vörn málsins fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera.

Hinn áfrýjaði pólitírjettardómur og öll meðferð málsins í hjeraði á ómerkt að vera. Allur kostnaður af málinu, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmanns Páls Melsteðs og organista P. Guðjohnsens, 10 krónur til hvors, borgist úr opinberum sjóði.